



Suðurland

Kortlagning smávirkjanakosta

Unnið fyrir Orkustofnun

Skýrsla nr. 20.11

Desember 2020

Verkfræðistofan Vatnaskil, höfuðstöðvar

Síðumúli 28
108 Reykjavík

s. 568-1766
vatnaskil@vatnaskil.is
www.vatnaskil.is

Verkfræðistofan Vatnaskil, starfsstöð

Strandgata 31
600 Akureyri

s. 517-1766
akureyri@vatnaskil.is
www.vatnaskil.is

Skýrsla nr: 20.11	Útgefið: Desember 2020	Fjöldi síðna: 88	Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
Heiti skýrslu: Suðurland. Kortlagning smávirkjanakosta.			
Höfundar: Hjalte Sigurjónsson, Ágúst Guðmundsson og Sveinn Óli Pálmarrsson			
Verkefnisstjóri: Ágúst Guðmundsson			
<p>Útdráttur:</p> <p>Vatnaskil hafa kortlagt vænlega smávirkjanakosti í sveitarfélögum á Suðurlandi. Lagt er upp með að finna kosti á stærðarbilinu 100 kWe upp í 10 MWe. Í grunninn er meðalrennsli í vatnsföllum ákvarðað út frá hæðarlíkani, meðalúrkomukorti og meðaluppgufunarkorti. Náttúruleg orkugeta er svo ákvörðuð í farvegum vatnsfalla sem margfeldi hæðar og rennslis. Í kjölfarið eru vænlegustu inntakspunktur fyrir virkjun fundnir í hverju vatnsfalli, sem staðbundin háþörf í náttúrulegri orkugetu. Hagstætt þvermál fallþípu er ákvarðað og fundinn hagstæðasti endapunktur í farveginum neðanstreymis. Þar sem skilyrði um afl og ásættanleg falltöp eru uppfyllt er kosturinn metinn verðugur nánari athugunar. Kennistærðir þeirra kosta eru settar fram í töflu, vatnasvið eru dregin og sýnd á myndum fyrir hvert sveitarfélag.</p> <p>Til að meta miðlunarmöguleika við inntak er reiknað lónrými og hæð stíflu þ.a. miðla megi meðalrennsli vatnsfalls innan 24 klst.</p> <p>Á Suðurlandi hafa nú verið kortlagðir 444 smávirkjanakostir, með heildarafl 648 MWe. Mögulegur fjöldi virkjanakosta og þ.a.l. heildarafl er þó lægra, þar sem nokkur fjöldi kosta sem dregnir hafa verið fram hafa áhrif á virkjunarkosti í sama vatnsfalli. Einnig er ljóst að kostir sem dregnir hafa verið fram geta líka verið erfiðir í framkvæmd eða verið ógerlegir af öðrum ástæðum. Hafa ber í huga að tölum um orkugetu þarf að taka með fyrirvara, um algjöra frumathugun er að ræða sem hefur það að leiðarljósi að draga fram sem flesta kosti sem vert gæti verið að kanna nánar.</p>			
Verkkaupi: Orkustofnun		Tengiliður verkkaupa: Jóhann F. Kristjánsson	
Lykilorð: Suðurland, vatnsafl, smávirkjanir, kortlagning			

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	4
Myndaskrá	5
Töfluskrá	6
1. Inngangur	8
2. Forsendur	8
2.1. Kortlagning smávirkjanakosta	8
2.2. Miðlunarmöguleikar við inntak	10
2.3. Mat á hönnunarrennsli og grunnóvissu	10
3. Niðurstöður	11
3.1. Sveitarfélagið Ölfus	12
3.2. Grímsnes- og Grafningshreppur	14
3.3. Bláskógabyggð	16
3.4. Hrunamannahreppur	20
3.5. Mörk Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps	24
3.6. Skeiða- og Gnúpverjahreppur	27
3.7. Rangárþing ytra	29
3.8. Rangárþing eystra	36
3.9. Mýrdalshreppur	45
3.10. Skaftárhreppur	48
3.11. Sveitarfélagið Hornafjörður	66
Heimildaskrá	74
Viðauki – Töflur	75

Myndaskrá

Mynd 1. Sveitarfélög á Suðurlandi skv. skilgreiningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.	9
Mynd 2. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Ölfusi.	13
Mynd 3. Smávirkjanakostir í Grímsnes- og Grafningshreppi.	15
Mynd 4. Smávirkjanakostir í Bláskógabyggð, Biskupstungnaafréttur.	17
Mynd 5. Smávirkjanakostir í Bláskógabyggð, Skersli.	18
Mynd 6. Smávirkjanakostir í Bláskógabyggð, Skillandsdalur og Stíflisdalur (Grjótárgil).	19
Mynd 7. Smávirkjanakostir í Hrunamannahreppi, suðurhluti hálendis neðan afréttar.....	21
Mynd 8. Smávirkjanakostir í Hrunamannahreppi, Hrunamannafréttur sunnar.	22
Mynd 9. Smávirkjanakostir í Hrunamannahreppi, Hrunamannafréttur norðar.	23
Mynd 10. Smávirkjanakostir í Stóru-Laxá á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, neðri hluti.	25
Mynd 11. Smávirkjanakostir í Stóru-Laxá á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, efri hluti.	26
Mynd 12. Smávirkjanakostir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.....	28
Mynd 13. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, norðan Mýrdalsjökuls.	30
Mynd 14. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, vestan Torfajökuls.....	31
Mynd 15. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, norðan og austan Tindfjallajökuls.....	32
Mynd 16. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, vestan Tindfjallajökuls.	33
Mynd 17. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, Næfurholtsfjöll.....	34
Mynd 18. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, Rangárvellir.	35
Mynd 19. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, Mýrdalsjökull og Eyjafjallajökull austast.	39
Mynd 20. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, Eyjafjallajökull miðbik.	40
Mynd 21. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, Eyjafjöll vestast (efri mynd) og Fljótshlíð vestast (neðri mynd).....	41
Mynd 22. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, Fljótshlíð.	42
Mynd 23. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, austan Tindfjallajökuls, Emstrur og Krossá.	43
Mynd 24. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, efstu vatnasvið norðan Mýrdalsjökuls.	44
Mynd 25. Smávirkjanakostir í Mýrdalshreppi, austar.	46
Mynd 26. Smávirkjanakostir í Mýrdalshreppi, vestar.	47
Mynd 27. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, frá Síðujökli að Skeiðarárjökli norðurhluti.....	52
Mynd 28. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, frá Síðujökli að Skeiðarárjökli suðurhluti.	53
Mynd 29. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, sunnan Síðujökuls.....	54
Mynd 30. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Síðujökull.	55
Mynd 31. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Síðuafréttur.	56
Mynd 32. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Síða.	57
Mynd 33. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Síðuafréttur vestar.	58

Mynd 34. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Síðuafréttur og hálendi ofan byggðar austan Skaftár.....	59
Mynd 35. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Skaftártunga.....	60
Mynd 36. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Síðuafréttur vestast.....	61
Mynd 37. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Skaftártunguafréttur norðurhluti.....	62
Mynd 38. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Skaftártunguafréttur suðurhluti.....	63
Mynd 39. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Mýrdalsjökull að norðan og Torfajökull.....	64
Mynd 40. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, Mýrdalsjökull sunnan Öldufellsjökuls.....	65
Mynd 41. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Hornafirði, fjallendi austan Jökulsár í Lóni.....	69
Mynd 42. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Hornafirði, í Lóni vestan Jökulsár, og Hornafirði.....	70
Mynd 43. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Hornafirði, Mýrar.....	71
Mynd 44. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Hornafirði, Kálfafellsdalur.....	72
Mynd 45. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Hornafirði, Suðursveit vestast og Öræfi.....	73

Töfluskrá

Tafla 1. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Ölfusi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	12
Tafla 2. Smávirkjanakostir í Grímsnes- og Grafningshreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	14
Tafla 3. Smávirkjanakostir í Bláskógabyggð, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	16
Tafla 4. Smávirkjanakostir í Hrunamannahreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	20
Tafla 5. Smávirkjanakostir í Stóru-Laxá á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	24
Tafla 6. Smávirkjanakostir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	27
Tafla 7. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	29
Tafla 8. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	36
Tafla 9. Smávirkjanakostir í Mýrdalshreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	45
Tafla 10. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	48
Tafla 11. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Hornafirði, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.....	66
Tafla 12. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Ölfusi, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.....	76

Tafla 13. Smávirkjanakostir í Grímsnes- og Grafningshreppi, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.	76
Tafla 14. Smávirkjanakostir í Bláskógabyggð, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.	76
Tafla 15. Smávirkjanakostir í Hrunamannahreppi, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.	77
Tafla 16. Smávirkjanakostir á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.	77
Tafla 17. Smávirkjanakostir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.	77
Tafla 18. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.....	78
Tafla 19. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.	79
Tafla 20. Smávirkjanakostir í Mýrdalshreppi, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.....	81
Tafla 21. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.	82
Tafla 22. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Hornafirði, helstu kennistærðir og miðlunarmöguleikar.	85

1. Inngangur

Í framhaldi af kortlagningu Vatnaskila á smávirkjanakostum á Vesturlandi (Vatnaskil, 2020a), Vestfjörðum (Vatnaskil, 2020b) og Austurlandi (Vatnaskil, 2020c) hefur nú verið gerð samskonar greining á smávirkjanakostum á Suðurlandi. Skipting í landshluta er eins og sýnt er á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga (www.samband.is). Eins og áður er leitað kosta með afl á bilinu 100 kWe – 10 MWe ásamt því að metnir eru möguleikar á dægurmiðlun við inntak og óvissa í afli þeirra virkjunarkosta sem finnast er metin gróflega.

Smávirkjanakostir innan vatnasviða þar sem þegar eru virkjanir eða rannsóknir í gangi vegna virkjanahugmynda eru ekki metnir í þessu ferli. Yfirlit yfir sveitarfélögin á Suðurlandi sem tekin eru til kortlagningar er sýnt á mynd 1.

2. Forsendur

Kortlagning smávirkjanakosta sem hér er gerð grein fyrir er í meginatriðum tvíþætt. Fyrri skrefið felur í sér að nota úrkomu- og uppgufunarkort ásamt landhæðarlíkani í hárrí upplausn til að finna hugsanlega inntakspunkta fyrir virkjanir. Síðara skrefið snýr að því að kanna rennislísiðir niður eftir farvegum frá mögulegum inntakspunktum og meta hvort aðstæður þar séu ákjósanlegar fyrir virkjun, þ.e. hvort fall er nægilega mikið innan hóflegar vegalengdar frá inntakspunkti. Staðir sem þannig eru metnir fýsilegir eru teknir til nánari skoðunar. Nánar er fjallað um aðferðafræðina í kafla 2.1.


Miðlunarmöguleikar við inntak ákjósanlegra staða eru einnig metnir. Nánar er fjallað um það í kafla 2.2. Greint er frá mati á hönnunarrennsli og grunnóvissu í reikningum í kafla 2.3.

Kortlagningin byggir í grunninn á hæðarlíkani Loftmynda ehf. TK-50 af Íslandi sem hefur 20x20 m lárétta upplausn og 1 m lóðrétta upplausn til að ákvarða vatnasvið og rennislísiðir vatns. Tvö meðalúrkomukort af ólíkum uppruna eru notuð við mat á meðalafrennsli, annars vegar meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands (Crochet P, 2007) og hins vegar meðalúrkomukort samkvæmt RÁV2 reikningum Reiknistofu í Veðurfræði (Ólafsson H., B. Aubron, og Rögnvaldsson Ó., 2020). Meðaluppgufun er einnig samkvæmt RÁV2 reikningunum. Aðrar landupplýsingar sem notaðar eru við kortlagninguna eru hinir ýmsu grunnar TK-50 gagnasafns Loftmynda ehf.

2.1. Kortlagning smávirkjanakosta

Fyrri þáttur kortlagningarinnar felst í nýtingu hæðarlíkans til ákvörðunar á halla lands og rennislísteinum. Saman ákvarðar þetta bæði vatnaskil og hvernig það vatn sem fellur til á yfirborði safnast saman í farvegi. Þegar rennislísteinnur hafa verið ákvarðaðar er meðalrennsli í farvegum ákvarðað út frá úrkomukortum. Möguleg orka (e. potential) í farvegum er svo ákvörðuð út frá meðalrennsli og mögulegri fallhæð. Þegar möguleg orka í farvegum liggur fyrir er hafist handa við síðari hluta kortlagningarinnar sem felst í því að finna mögulega smávirkjanakosti innan hvers vatnasviðs og meta þá m.t.t. orkugetu og falltapa. Hugsanleg inntök virkjana eru staðsett þar sem hámarks mögulegrar orku eru metin í farvegum. Við hvert inntak er rennislíð í farveginum dregið fram og hagstæðasta þvermál pípu fundið. Þegar hagstæðasta þvermál pípu hefur verið ákvarðað eru falltöpp og orka ákvörðuð í pípu sem liggur niður eftir farveginum. Endapunktur pípu er staðsettur þar sem viðbótarafi sem fengist með meira falli stæði ekki undir viðbótartöppum í pípu. Sett er viðmið um að falltöpp í smávirkjanakostum séu nærri 10% af heildarfallhæðinni sem er algengt viðmið í virkjanakostum (Mannvit, 2010). Ekki er tekið tillit til smærri tapa t.a.m. í inntaksmannvirkjum eða þar sem beygjur

eru á lögnum heldur einungis ákvörðuð falltöp út frá hrýfi. Ennfremur er ekki reiknað með því að nýtni hverfils sé takmörkuð. Að lokum eru dregnir út kostir sem eru yfir 100 kWe en undir 10 MWe. Þar sem fleiri en einn kostur kemur fram með sama endapunkt í árfarvegi er einungis sá stærsti dreginn fram.



Mynd 1. Sveitarfélög á Suðurlandi skv. skilgreiningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2.2. Miðlunarmöguleikar við inntak

Leitast er við að meta möguleika á miðlun með lóni við inntak virkjana. Fundin var sú stífluhæð sem skilar lónrými sem svarar til sólarhringsmeðalrennslis vatnsfallsins þannig að dægurmiðlun sé möguleg. Stífluhæðir reiknast þannig frá einum upp í 25 metra. Greining á miðlunarmöguleikum byggir á sama landhæðarlíkani og notað er í öðrum þáttum verksins. Gert er ráð fyrir að stífla liggja eftir vatnaskilum um inntakspunkt hvers virkjunarkosts.

2.3. Mat á hönnunarrennslis og grunnóvissu

Við úrlausn verkefnisins var ákveðið að beita tveimur úrkomukortum, meðalúrkomukorti Veðurstofunnar og RÁV2 meðalúrkomukorti Reiknistofu í Veðurfræði. Víða er úrkoma meiri í úrkomukorti Veðurstofunnar og þá sér í lagi til fjalla og jafnframt hefur það víða reynst réttara við slíkar aðstæður. Það er þó alls ekki einhlítt. Ákveðið var því að nýta kort Veðurstofunnar til grunnútreikninga á smávirðjanakostum en til samanburðar og sem ákveðið mat á óvissu að reikna fyrir sömu kosti orkugetu miðað við RÁV2 úrkomukortið. Rennslis skv. RÁV2 er gefið í niðurstöðutöflum fyrir hvert sveitarfélag, í dálki sem merktur er RÁV2.

Í þessum reikningum er gert ráð fyrir að allt afrennslis skili sér undan landhalla rakleiðis til farvega. Þetta er einföldun sem getur valdið stórum skekkjum þar sem yfirborð er mjög lekt, sem sérstaklega gerist þar sem hraun eru á yfirborði og stór hluti þess vatns sem fellur til fer því til grunnvatnskerfis. Þar getur vatn borist langar leiðir og komið fram í lindum mun neðar og jafnvel í öðru vatnsfalli. Því er sá möguleiki fyrir hendi á svæðum þar sem mikið vatn fer til grunnvatnskerfis að stórar skekkjur komi fram, annað hvort á þann veg að rennslis sé hér ofmetið þar sem vatn tapast í raun af yfirborðsvatnasviði til grunnvatnskerfis, eða sé vanmetið þar sem lindavatn af stórum svæðum kæmi fram.

Mjög lek hraunasvæði eru umfangsmikil á Suðurlandi, stærst eru Veiðivatnahraun og Eldhraun og hraun suður af Langjökli allt niður til Þingvallavatns. Kostir sem reiknaðir voru á þessum svæðum hafa verið teknir út ásamt kostum á fleiri stöðum þar sem svipað er ástatt. Almennir hefur verið leitast við að taka út kosti þar sem vatn virðist í raun ekki renna á yfirborði samkvæmt tiltækum loftmyndum.

Utan hraunasvæðanna er lekt yfirleitt talin miðlungsgóð í fjallendi á Suðurlandi samkvæmt korti Orkustofnunar fyrir grunnvatnshlot (map.is/os), nema austan Örafajökuls (Hornafjarðarhreppur) þar sem lekt er sáralítil. Þar má þó gera ráð fyrir einhverju grunnvatni í skriðum en ólíklegt er að það valdi skekkjum að ráði í mati á meðalrennslis. Í öðrum sveitarfélögum er því yfirleitt ekki hægt að útiloka einhverjar skekkjur af völdum þess að yfirborðsvatnaskil og grunnvatnsskil falla ekki saman.

Nokkrir kostir eru með allstóran hluta vatnasviðs á jökli. Þessi vatnasvið eru sérstaklega óviss vegna þess að vatnasvið á jökli ráðast ekki aðeins af yfirborði jökulsins eins og hér er gert ráð fyrir, heldur einnig af landslagi undir jöklinum. Að auki getur landslag framan jökla verið síbreytilegt og er í sumum tilvikum mikil óvissa um hvert vatn rennur þegar það kemur fram undan jökli. Óvissa í ákvörðun á afrennslis slíkra kosta er ekki einungis fólgin í ákvörðun vatnasviða á jökli heldur taka reikningarnir ekki tillit til jökulleysingar og því er vert að taka niðurstöðum fyrir slíka kosti með fyrirvara.

Til þess að fá mat á hvert er líklegt hlutfall hönnunarrennslis af meðalrennslis var gerður samanburður við útreikninga úr öðrum vatnafarslíkönum Vatnaskila fyrir nokkra smávirðjanakosti. Hönnunarrennslis til virkjana er háð aðstæðum og forsendum hverju sinni, horft var til þeirra viðmiða sem beitt var í skoðun Mannvits á smávirðjanakostum í Dalvíkurbyggð (Mannvit, 2015) þar sem algengt var að hönnunarrennslis samsvaraði í kringum 70% rennslis fengnu af langæi rennslis fyrir viðkomandi smávirðjanakost. Samanburðurinn á þeim kostum sem teknir voru til skoðunar sýndi að 70% rennslis af langæi var á bilinu 16% til 70% af meðalrennslinu. Þessi breytileiki kemur til vegna þess að vatnasvið

geta verið æði misjöfn, sum hafa litla sem enga miðlun sem gerir það að verkum að langæi rennslis verður bratt sem leiðir svo aftur til þess að hlutfall 70% rennslis af meðalrennslis verður lágt, 16% eða jafnvel lægra. Þar sem miðlunin er meiri t.a.m. vegna mikils lindarennslis verður hlutfall 70% rennslisins af meðalrennslinu hærra og nálgast að vera það sama og meðalrennslid þar sem miðlunin er mjög mikil. Til að fá mat á hönnunarrennslid var ákveðið að skilgreina það sem 30% af meðalrennslinu sem er nálægt meðaltalinu sem fékkst við samanburð úr öðrum vatnafarslíkönum þar sem lindapáttur rennslis er ekki stór. Því má horfa á hönnunarrennslisviðmiðin eða lágrennslisviðmiðin þannig að þar sem að lítil miðlun er innan vatnasviða er líklegt að rennslis sé sambærilegt hönnunarrennslinu eða minna. Þar sem miðlun er meiri innan vatnasviða nálgast hönnunarrennslis meðalrennslis ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti.

3. Niðurstöður

Kortlagðir hafa verið 444 virkjanakostir í sveitarfélögum á Suðurlandi með heildarafl 648 MWe. Mögulegur fjöldi virkjanakosta og þ.a.l. heildarafl er þó lægra, þar sem nokkur fjöldi kosta sem dregnir hafa verið fram hafa áhrif á aðra virkjunarkosti í sama vatnsfalli. Val á milli kosta innan sama vatnasviðs og jafnvel bestun m.t.t. virkjana innan ákveðinna vatnasviða er verkefni sem mætti hugsa sér en forsendur verkefnisins nú gerðu ekki ráð fyrir slíku mati. Einnig er ljóst að kostir sem dregnir hafa verið fram geta líka verið erfiðir í framkvæmd eða verið ógerlegir af öðrum ástæðum. Teknir hafa verið út kostir sem lenda með inntak eða úttak innan friðlýstra svæða. Þó nokkrir kostir hafa engu að síður vatnasvið sem falla innan friðlýstra svæða og svo eru örfáir kostir þar sem lón sem duga eiga til dægurmiðlunar lenda innan friðlýstra svæða. Ekki hafa heldur verið teknir út kostir þar sem unnið er að friðlýsingu. Því ber að hafa í huga að greiningin nú er byggð á ákveðnum forsendum og mögulegt að inni í greiningunni séu kostir sem munu sjálfkrafa falla út vegna friðlýsinga sem unnið er að. Hafa ber í huga að tölum um orkugetu þarf að taka með fyrirvara, um algjöra frumathugun er að ræða sem hefur það að leiðarljósi að draga fram sem flesta kosti sem vert væri að kanna nánar.

Kortlagningin byggist á þeirri aðferð sem fjallað hefur verið um í 2. kafla, þar sem eingöngu er stuðst við hæðarlíkan og veðurfræðileg gögn ásamt einföldum forsendum um þvermál fallpípu og falltöpu en ekki er rýnt sérstaklega í staðhætti eða beinar rennslismælingar nýttar til samanburðar. Því er ljóst að mat á orkugetu getur í einhverjum tilvikum verið ónákvæmt. Einnig er möguleiki á að einhverjir áhugaverðir kostir komi ekki fram. Að lokum er mögulegt að vatnaskil geti verið rangt ákvörðuð vegna ónákvæmni í hæðarlíkani og villur hljótist af því en mest hætta er á að þetta gerist þar sem land er flatt.

Frekari athugun á fýsileika kosta þyrfti að byggjast á rennslismælingum, staðháttum m.t.t. virkjunarstæðis og miðlunarmöguleika, sem og arðsemisútreikningi viðkomandi virkjunar. Fyrir vænlega kosti væri einnig mögulegt að reikna langæi rennslis líkt og Vatnaskil hafa áður gert fyrir Orkustofnun þar sem útbúin voru langæi rennslis fyrir valda virkjanakosti í Eyjafirði, Snæfellsnesi og á Vestfjörðum (Vatnaskil, 2019).

Í næstu köflum er greint frá mögulegum virkjanakostum í hverju sveitarfélagi fyrir sig, í hverjum kafla er sýnt yfirlitskort af hverju sveitarfélagi þar sem kostirnir eru dregnir fram og merktir með númeri sem vísar til töflu í sama kafla. Í töflunni er greint frá vatnasviði vatnsfallsins, virkri fallhæð ásamt rennslis og orkugetu m.v. hönnunarviðmið, meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands og meðalúrkomukort RÁV2 frá Reiknistofu í Veðurfræði. Í viðauka er tafla þar sem dregnar eru fram helstu stærðir fyrir hvern virkjanakost þ.m.t. staðsetning inntaks, lengd fallpípu og möguleikar á miðlun við inntak. Gefin


er upp hæð stíflu, rúmmál og flatarmál inntakslóns sem ákvarðað er þannig að fylla megi lónið á 24 klst. m.v. meðalrennsli vatnsfallsins. Þar sem land ofanstreymis við inntak er tiltölulega flatt þurfa lón að vera stór að flatarmáli til að tryggja sólarhringsmiðlun. Sjá má dæmi um þetta t.d. á Síðuafretti. Í útreikningum er lónum ekki gefið pláss til að breiða úr sér inn í vatnasvið ofanstreymis. Á korti kunna því að sjást lón sem ná að næstu stíflu ofan við. Í slíkum tilvikum reiknast flatarmál lóns því of lítið og stífla að sama skapi of há. Dæmi um slíkt er að finna í Syðri Ófæru og Stóru-Laxá.

3.1. Sveitarfélagið Ölfus

Kortlagðir hafa verið 6 virðjanakostir í Sveitarfélaginu Ölfusi, með heildarafl 8 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Sveitarfélaginu Ölfusi er 1392 kWe, meðalfallhæð 125 m og meðalrennsli 0,843 m³/s. Á mynd 2 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 1 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugetu virðjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt Ví, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti Ví, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 12 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.

Tafla 1. Smávirðjanakostir í Sveitarfélaginu Ölfusi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.

Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
ÖLF001	Hengladalsá	20	0,63	0,19	0,52	122	37	100
ÖLF002	Hengladalsá	236	1,90	0,57	1,52	4400	1320	3516
ÖLF003	Hengladalsá	221	1,28	0,38	1,03	2777	833	2240
ÖLF004	Hengladalsá	65	0,65	0,20	0,51	416	125	323
ÖLF005	Hengladalsá	54	0,28	0,08	0,22	148	44	115
ÖLF006	Hvammsá	158	0,32	0,10	0,21	492	148	333




Mynd 2. Smávirkjanakostir í Sveitarfélaginu Ölfusi.

3.2. Grímsnes- og Grafningshreppur

Kortlagðir hafa verið 2 virðjanakostir í Grímsnes- og Grafningshreppi, með heildarafli 0,7 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Grímsnes- og Grafningshreppi er 358 kWe, meðalfallhæð 75 m og meðalrennsli 0,695 m³/s. Á mynd 3 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 2 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugetu virðjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 13 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.

Tafla 2. Smávirðjanakostir í Grímsnes- og Grafningshreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.

Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
GRI001	Ytriá	131	0,41	0,12	0,30	521	156	382
GRI002	Þórisjökull	20	0,98	0,30	0,91	196	59	180




Mynd 3. Smávirkjanakostir í Grímsnes- og Grafningshreppi.

3.3. Bláskógabyggð


Kortlagðir hafa verið 16 virkjanakostir í Bláskógabyggð, með heildarafli 42 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Bláskógabyggð er 2625 kWe, meðalfallhæð 128 m og meðalrennsli 1,89 m³/s. Á myndum 4 til 6 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 3 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugetu virkjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu útfra meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu útfra meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 14 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.

Tafla 3. Smávirkjanakostir í Bláskógabyggð, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.


Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
BLA001	Grjótá	214	0,40	0,12	0,34	833	250	711
BLA002	Skillandsá	20	0,58	0,17	0,42	116	35	84
BLA003	Skillandsá	259	2,10	0,63	1,53	5330	1599	3891
BLA004	Skillandsá	51	1,63	0,49	1,19	823	247	601
BLA005	Skillandsá	173	3,57	1,07	2,63	6055	1817	4460
BLA006	Brúará	191	0,49	0,15	0,35	910	273	651
BLA007	Andalækur	115	2,45	0,74	1,90	2774	832	2142
BLA008	Stóra-Grjótá	63	3,67	1,10	2,95	2280	684	1832
BLA009	Sandá	206	3,40	1,02	2,86	6879	2064	5786
BLA010	Sandá	176	3,87	1,16	3,25	6697	2009	5620
BLA011	Grjótá	120	2,13	0,64	1,80	2494	748	2108
BLA012	Grjótá	154	2,66	0,80	2,24	4026	1208	3390
BLA013	Grjótá	47	0,60	0,18	0,51	277	83	234
BLA014	Grjótá	98	2,04	0,61	1,74	1953	586	1674
BLA015	Grjótá	112	0,40	0,12	0,34	445	134	370
BLA016	Hvítá	61	0,19	0,06	0,16	116	35	99



Mynd 4. Smávirkjanakostir í Bláskógabyggð, Biskupstungaafreittur.



Mynd 5. Smávirkjanakostir í Bláskógabyggð, Skersli.




Mynd 6. Smávirkanakostir í Bláskógabyggð, Skillandsdalur og Stíflisdalur (Grjótárgil).

3.4. Hrunamannahreppur


Kortlagðir hafa verið 9 virðjanakostir í Hrunamannahreppi, með heildarafl 16 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Hrunamannahreppi er 1778 kWe, meðalfallhæð 59 m og meðalrennsli 2,8 m³/s. Á myndum 7 til 9 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 4 er greint frá virðri fallhæð, innrennsli til virðjunar og orkugetu virðjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 15 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.

Tafla 4. Smávirðjanakostir í Hrunamannahreppi, vatnasvið, virð fallhæð, innrennsli til virðjunar og orkugeta.


Númer	Vatnasvið	Virð fallhæð [m]	Innrennsli til virðjunar [m ³ /s]			Orkugeta virðjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
HRU001	Fossá	15	1,67	0,50	1,20	252	76	181
HRU002	Litla-Laxá	50	1,47	0,44	1,02	725	218	503
HRU003	Fossá	131	1,08	0,32	0,76	1381	414	977
HRU004	Búðará	39	2,76	0,83	2,40	1050	315	911
HRU005	Leirá	36	0,89	0,27	0,78	310	93	273
HRU006	Fremri-Rauðá	33	1,36	0,41	1,29	444	133	423
HRU007	Sandá	75	12,90	3,87	13,50	9495	2849	9954
HRU008	Fremri-Rauðá	73	1,14	0,34	1,08	819	246	777
HRU009	Fúlá	82	1,90	0,57	1,91	1533	460	1539



Mynd 7. Smávirkjanakostir í Hrunamannahreppi, suðurhluti hálandis neðan afreftar.



Mynd 8. Smávirkjanakostir í Hrunamannahreppi, Hrunamannafréttur sunnar.




Mynd 9. Smávirkjanakostir í Hrunamannahreppi, Hrunamannafréttur norðar.

3.5. Mörk Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps


Kortlagðir hafa verið 5 virðjanakostir í Stóru-Laxá á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, með heildarafl 19 MWe. Meðalorkugeta kostanna er 3991 kWe, meðalfallhæð 30 m og meðalrennsli 14,5 m³/s. Á myndum 10 til 11 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 5 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugetu virðjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 16 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.

Tafla 5. Smávirðjanakostir í Stóru-Laxá á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.

Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
HRU/SKE001	Stóra-Laxá	21	24,20	7,25	19,10	4998	1499	3945
HRU/SKE002	Stóra-Laxá	23	23,70	7,10	18,70	5358	1607	4244
HRU/SKE003	Stóra-Laxá	49	13,00	3,90	10,70	6293	1888	5184
HRU/SKE004	Stóra-Laxá	20	6,73	2,02	5,95	1309	393	1157
HRU/SKE005	Stóra-Laxá	40	5,08	1,52	4,55	1998	599	1791



Mynd 10. Smávirkjanakostir í Stóru-Laxá á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, neðri hluti.




Mynd 11. Smávirkjanakostir í Stóru-Laxá á mörkum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, efri hluti.

3.6. Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Kortlagðir hafa verið 12 virkjanakostir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, með heildarafl 12 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er 1067 kWe, meðalfallhæð 82 m og meðalrennsli 1,26 m³/s. Á mynd 12 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 6 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugetu virkjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 17 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.

Tafla 6. Smávirkjanakostir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.

Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
SKE001	Kálfá	66	2,03	0,61	1,33	1308	392	855
SKE002	Þverá	91	0,45	0,13	0,30	399	120	269
SKE003	Tungá	32	0,65	0,20	0,41	207	62	130
SKE004	Kálfá	68	1,08	0,33	0,68	727	218	457
SKE005	Þverá	71	2,06	0,62	1,33	1435	431	929
SKE006	Þverá	21	1,51	0,45	0,97	306	92	198
SKE007	Skillandsá	107	3,29	0,99	2,18	3463	1039	2292
SKE008	Skillandsá	166	1,23	0,37	0,79	2014	604	1284
SKE009	Skillandsá	196	1,09	0,33	0,76	2109	633	1467
SKE010	Grjótá	100	0,53	0,16	0,38	520	156	375
SKE011	Bergólfstaðaá	16	0,74	0,22	0,61	115	35	94
SKE012	Bergólfstaðaá	49	0,44	0,13	0,35	212	64	169




Mynd 12. Smávirkanakostir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

3.7. Rangárþing ytra


Kortlagðir hafa verið 30 virðjanakostir í Rangárþingi ytra, með heildarafl 62 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Rangárþingi ytra er 2072 kWe, meðalfallhæð 80 m og meðalrennsli 4,49 m³/s. Á myndum 13 til 18 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 7 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virðjunar og orkugetu virðjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 18 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.

Tafla 7. Smávirðjanakostir í Rangárþingi ytra, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virðjunar og orkugeta.


Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virðjunar [m ³ /s]			Orkugeta virðjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
RÞY001	Ytri-Rangá	23	37,20	11,20	30,80	8365	2510	6919
RÞY002	Fiská	131	1,22	0,37	0,76	1559	468	968
RÞY003	Fiská	43	2,07	0,62	1,37	881	264	583
RÞY004	Ytri-Rangá	74	0,78	0,24	0,59	570	171	431
RÞY005	Ytri-Rangá	22	33,60	10,10	28,30	7113	2134	5990
RÞY006	Fiská	262	1,26	0,38	0,85	3225	968	2173
RÞY007	Fiská	51	0,25	0,08	0,17	127	38	83
RÞY008	Fiská	122	0,36	0,11	0,24	434	130	286
RÞY009	Valá	87	0,28	0,09	0,21	243	73	180
RÞY010	Valá	102	0,76	0,23	0,56	759	228	557
RÞY011	Ytri-Rangá	34	1,45	0,43	1,22	484	145	408
RÞY012	Valá	69	0,25	0,07	0,18	166	50	122
RÞY013	Valá	207	2,31	0,69	1,68	4678	1403	3403
RÞY014	Valá	122	0,27	0,08	0,20	328	98	243
RÞY015	Eystri-Rangá	48	14,10	4,23	11,60	6578	1973	5413
RÞY016	Eystri-Rangá	72	0,41	0,12	0,31	288	86	218
RÞY017	Valá	35	0,34	0,10	0,25	115	35	86
RÞY018	Blesá	102	0,79	0,24	0,59	795	239	594
RÞY019	Eystri-Rangá	53	0,48	0,14	0,45	246	74	232
RÞY020	Eystri-Rangá	70	4,60	1,38	4,33	3159	948	2975
RÞY021	Hagafellskvísl	37	0,82	0,25	0,86	297	89	312
RÞY022	Hvítmaga	75	13,00	3,90	14,20	9532	2860	10380
RÞY023	Ljósá	136	1,01	0,30	1,21	1348	404	1615
RÞY024	Bratthálskvísl	33	1,62	0,49	2,32	529	159	758
RÞY025	Ljósá	78	0,41	0,12	0,53	315	95	406
RÞY026	Bláfjallakvísl	56	7,70	2,31	10,80	4250	1275	5972
RÞY027	Kaldaklofskvísl	58	0,37	0,11	0,51	212	64	290
RÞY028	Kaldaklofskvísl	84	6,51	1,95	9,12	5346	1604	7494
RÞY029	Brennivínskvísl	54	0,19	0,06	0,28	101	30	148
RÞY030	Hólmsárdrög	70	0,19	0,06	0,26	130	39	180




Mynd 13. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, norðan Mýrdalsjökuls.




Mynd 14. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, vestan Torfajökuls.




Mynd 15. Smávirkjanakostir í Rangárfingi ytra, norðan og austan Tindfjallajökuls.



Mynd 16. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, vestan Tindfjallajökuls.



Mynd 17. Smávirkjanakostir í Rangárþingi ytra, Næfurholtsfjöll.



Mynd 18. Smávirkjanakostir í Rangárbætur ytra, Rangárvellir.

3.8. Rangárþing eystra


Kortlagðir hafa verið 89 virðjanakostir í Rangárþingi eystra, með heildarafl 142 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Rangárþingi eystra er 1598 kWe, meðalfallhæð 190 m og meðalrennsli 1,21 m³/s. Á myndum 19 til 24 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 8 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugetu virðjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 19 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.

Tafla 8. Smávirðjanakostir í Rangárþingi eystra, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.


Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
RÞE001	Kvoslækjará	32	0,58	0,17	0,35	179	54	107
RÞE002	Fiská	17	6,34	1,90	3,97	1049	315	657
RÞE003	Þórðará	115	0,09	0,03	0,06	105	32	67
RÞE004	Gljúfursá	346	0,53	0,16	0,35	1796	539	1176
RÞE005	Litlaþverá	206	1,14	0,34	0,70	2303	691	1418
RÞE006	Syðstumerkurá	147	0,09	0,03	0,05	126	38	79
RÞE007	Syðstumerkurá	129	0,49	0,15	0,32	619	186	403
RÞE008	Seljalandsá	358	1,18	0,35	0,79	4130	1239	2759
RÞE009	Merkjá	182	1,14	0,34	0,76	2043	613	1356
RÞE010	Merkurá	229	0,60	0,18	0,40	1346	404	890
RÞE011	Írá	303	0,71	0,21	0,48	2113	634	1427
RÞE012	Myrká	389	1,22	0,37	0,84	4663	1399	3195
RÞE013	Fiská	35	0,74	0,22	0,47	255	77	162
RÞE014	Bleiksá	78	0,17	0,05	0,12	131	39	93
RÞE015	Bleiksá	239	0,46	0,14	0,33	1088	326	768
RÞE016	Miðskálaá	267	2,29	0,69	1,67	5998	1799	4369
RÞE017	Holtsá	299	0,33	0,10	0,22	966	290	656
RÞE018	Fiská	266	0,84	0,25	0,57	2187	656	1492
RÞE019	Bleiksá	451	1,08	0,33	0,76	4786	1436	3347
RÞE020	Steinalækur	347	0,26	0,08	0,18	895	269	617
RÞE021	Miðskálaá	599	0,33	0,10	0,25	1959	588	1473
RÞE022	Þórólfsá	98	0,24	0,07	0,18	226	68	170
RÞE023	Þrengslá	213	0,28	0,09	0,19	594	178	399
RÞE024	Holtsá	557	0,69	0,21	0,53	3782	1135	2881
RÞE025	Marðará	428	0,45	0,14	0,33	1908	572	1404
RÞE026	Svaðbælisá	75	0,27	0,08	0,18	196	59	131
RÞE027	Holtsá	444	1,13	0,34	0,85	4913	1474	3717
RÞE028	Svaðbælisá	45	0,81	0,24	0,58	353	106	251
RÞE029	Svaðbælisá	334	0,41	0,12	0,31	1353	406	1021

Númer	Vatnasvið	Virki fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
RÞE030	Þórólfsá	154	2,00	0,60	1,58	3018	905	2384
RÞE031	Þórólfsá	239	1,40	0,42	1,10	3272	982	2569
RÞE032	Þórólfsá	75	0,63	0,19	0,50	465	140	372
RÞE033	Svaðbælisá	557	0,78	0,24	0,61	4280	1284	3306
RÞE034	Þórólfsá	401	0,67	0,20	0,51	2626	788	2021
RÞE035	Laugará	209	0,09	0,03	0,06	183	55	129
RÞE036	Laugará	493	0,77	0,23	0,59	3726	1118	2861
RÞE037	Vestri-Botná	32	0,48	0,14	0,41	153	46	130
RÞE038	Þórólfsá	128	0,46	0,14	0,37	569	171	458
RÞE039	Laugará	20	1,76	0,53	1,30	343	103	253
RÞE040	Vestri-Botná	159	0,29	0,09	0,24	452	136	380
RÞE041	Vestri-Botná	221	0,29	0,09	0,22	620	186	484
RÞE042	Tunguá	346	0,44	0,13	0,32	1504	451	1073
RÞE043	Innri-Sviná	262	0,11	0,03	0,07	279	84	181
RÞE044	Steinsholtsá	30	3,19	0,96	2,40	952	286	718
RÞE045	Kaldaklifsá	345	0,15	0,04	0,11	494	148	359
RÞE046	Vestri-Botná	89	0,62	0,19	0,49	537	161	423
RÞE047	Kaldaklifsá	487	0,62	0,19	0,48	2973	892	2274
RÞE048	Vestri-Botná	166	0,09	0,03	0,07	146	44	113
RÞE049	Vestri-Botná	184	1,06	0,32	0,84	1910	573	1524
RÞE050	Eystri-Botná	229	0,98	0,29	0,76	2202	661	1713
RÞE051	Kaldaklifsá	104	1,22	0,37	0,88	1243	373	904
RÞE052	Vestri-Botná	48	4,36	1,31	3,75	2055	617	1768
RÞE053	Krossá	39	0,81	0,24	0,62	307	92	237
RÞE054	Hrísá	148	0,22	0,06	0,14	315	95	204
RÞE055	Vestri-Botná	78	3,08	0,92	2,51	2350	705	1918
RÞE056	Kaldaklifsá	474	1,45	0,43	1,09	6723	2017	5060
RÞE057	Hvanná	45	0,26	0,08	0,20	114	34	87
RÞE058	Eystri-Botná	167	1,67	0,50	1,36	2741	822	2224
RÞE059	Kaldaklifsá	224	0,57	0,17	0,40	1262	379	879
RÞE060	Vestri-Botná	101	4,14	1,24	3,54	4099	1230	3503
RÞE061	Hvanná	80	0,37	0,11	0,28	291	87	222
RÞE062	Hvanná	63	1,52	0,46	1,18	936	281	730
RÞE063	Kverna	86	1,21	0,36	0,84	1014	304	705
RÞE064	Skógaá	230	0,87	0,26	0,66	1954	586	1481
RÞE065	Laufatungnaá	45	0,59	0,18	0,40	261	78	178
RÞE066	Hvanná	28	0,45	0,14	0,36	125	38	100
RÞE067	Kverna	292	0,50	0,15	0,36	1441	432	1020
RÞE068	Laufatungnaá	50	0,41	0,12	0,28	201	60	137
RÞE069	Þröngá	82	0,20	0,06	0,22	163	49	175
RÞE070	Markarfljót	121	0,09	0,03	0,09	108	32	112


Númer	Vatnasvið	Virki fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
RÞE071	Hvítmaga	30	19,30	5,79	20,40	5728	1718	6049
RÞE072	Hofsá	321	0,72	0,22	0,52	2255	677	1637
RÞE073	Hofsá	39	0,43	0,13	0,32	163	49	120
RÞE074	Þröngá	20	1,62	0,49	1,62	311	93	311
RÞE075	Fjallgilsá	70	0,25	0,07	0,19	169	51	129
RÞE076	Hruná	154	0,80	0,24	0,66	1204	361	990
RÞE077	Þröngá	97	0,44	0,13	0,46	421	126	433
RÞE078	Markarfljót	112	0,33	0,10	0,38	368	110	416
RÞE079	Fjallgilsá	368	2,40	0,72	1,92	8656	2597	6946
RÞE080	Ljósá	23	1,60	0,48	1,69	366	110	386
RÞE081	Botnaá	77	0,24	0,07	0,28	184	55	214
RÞE082	Fjallgilsá	434	1,74	0,52	1,43	7420	2226	6091
RÞE083	Hruná	68	0,73	0,22	0,63	490	147	419
RÞE084	Þröngá	74	0,28	0,08	0,28	203	61	200
RÞE085	Hruná	221	0,34	0,10	0,31	726	218	663
RÞE086	Markarfljót	17	0,95	0,29	1,12	156	47	183
RÞE087	Þröngá	56	0,85	0,25	0,82	464	139	446
RÞE088	Ljósá	154	0,63	0,19	0,63	955	287	944
RÞE089	Innri-Emstruá	19	8,05	2,41	9,64	1526	458	1829




Mynd 19. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, Mýrdalsjökull og Eyjafjallajökull austast.




Mynd 20. Smávirðjanakostir í Rangárþingi eystra, Eyjafjallajökull miðbik.




Mynd 21. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, Eyjafjöll vestast (efri mynd) og Fljótshlíð vestast (neðri mynd).



Mynd 22. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, Fljótshlíð.



Mynd 23. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, austan Tindfjallajökuls, Emstrur og Krossá.




Mynd 24. Smávirkjanakostir í Rangárþingi eystra, efstu vatnasvið norðan Mýrdalsjökuls.

3.9. Mýrdalshreppur


Kortlagðir hafa verið 28 virðjanakostir í Mýrdalshreppi, með heildarafl 26 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Mýrdalshreppi er 935 kWe, meðalfallhæð 132 m og meðalrennsli 0,839 m³/s. Á myndum 25 og 26 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 9 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virðjunar og orkugetu virðjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt Ví, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti Ví, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu út frá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 20 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.

Tafla 9. Smávirðjanakostir í Mýrdalshreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virðjunar og orkugeta.

Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virðjunar [m ³ /s]			Orkugeta virðjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
MÝR001	Hvítmaga	169	0,21	0,06	0,17	350	105	279
MÝR002	Skjólkambsgil	149	0,14	0,04	0,11	207	62	156
MÝR003	Húsá	16	0,96	0,29	0,79	149	45	123
MÝR004	Hrútagilsá	194	0,41	0,12	0,33	777	233	635
MÝR005	Klifandi	55	0,48	0,14	0,40	259	78	216
MÝR006	Klifandi	128	0,27	0,08	0,22	337	101	275
MÝR007	Klifandi	239	3,48	1,04	3,09	8162	2449	7248
MÝR008	Keldudalsá	89	0,37	0,11	0,32	327	98	282
MÝR009	Lambá	139	0,17	0,05	0,15	232	70	207
MÝR010	Deildará	65	0,53	0,16	0,49	337	101	313
MÝR011	Hafursá	17	4,36	1,31	3,85	735	221	649
MÝR012	Hafursá	19	4,13	1,24	3,66	763	229	675
MÝR013	Hvammsá	93	0,68	0,20	0,58	614	184	531
MÝR014	Galtá	114	2,24	0,67	2,06	2516	755	2314
MÝR015	Hvammsá	94	0,22	0,07	0,19	205	62	174
MÝR016	Galtá	217	0,14	0,04	0,12	293	88	262
MÝR017	Sandá	355	1,35	0,41	1,25	4696	1409	4342
MÝR018	Þorleifsá	163	0,08	0,02	0,07	130	39	114
MÝR019	Uxafótarlækur	173	0,46	0,14	0,42	783	235	714
MÝR020	Sandá	174	0,06	0,02	0,06	107	32	98
MÝR021	Afréttisá	295	0,71	0,21	0,65	2069	621	1875
MÝR022	Sandá	127	0,30	0,09	0,27	370	111	340
MÝR023	Afréttisá	102	0,18	0,05	0,17	183	55	169
MÝR024	Uxafótarlækur	115	0,20	0,06	0,19	225	68	211
MÝR025	Afréttisá	131	0,34	0,10	0,31	436	131	396
MÝR026	Þakgil	135	0,42	0,13	0,37	550	165	492
MÝR027	Illagil	30	0,37	0,11	0,33	108	32	96
MÝR028	Múlakvísl	118	0,24	0,07	0,22	279	84	255



Mynd 25. Smávirkanakostir í Myrdalshreppi, austur.



Mynd 26. Smávirkjanakostir í Myrdalshreppi, vestar.

3.10. Skaftárhreppur

Kortlagðir hafa verið 141 virkjanakostur í Skaftárhreppi, með heildarafl 235 MWe. Meðalorkugeta kostanna í Skaftárhreppi er 1667 kWe, meðalfallhæð 98 m og meðalrennsli 2,32 m³/s. Á myndum 27 til 40 er sýnt yfirlit yfir kostina og í töflu 10 er greint frá virkri fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugetu virkjanakostanna m.v. meðalúrkomukort Veðurstofu Íslands, merkt VÍ, hönnunarrennsli sem er 30% af rennsli ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti VÍ, merkt 30%, og loks innrennsli og orkugetu ákvörðuðu útfrá meðalúrkomukorti úr RÁV2, merkt RÁV2. Í töflu 21 er greint frá helstu kennistærðum auk greiningar á miðlunarmöguleikum.


Tafla 10. Smávirkjanakostir í Skaftárhreppi, vatnasvið, virk fallhæð, innrennsli til virkjunar og orkugeta.

Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
SKA001	Hólmsá	73	12,40	3,72	16,30	8931	2679	11751
SKA002	Ytri-Bláfellsá	56	2,93	0,88	3,43	1599	480	1870
SKA003	Leirá	61	5,18	1,55	5,11	3079	924	3033
SKA004	Jökulkvísl	31	6,24	1,87	7,15	1922	577	2202
SKA005	Hólmsá	66	1,64	0,49	2,23	1057	317	1438
SKA006	Ytri-Bláfellsá	55	3,65	1,09	4,27	1957	587	2292
SKA007	Syðriófæra	31	3,20	0,96	4,24	973	292	1291
SKA008	Hólmsá	33	0,56	0,17	0,71	181	54	231
SKA009	Álftakvísl	59	1,05	0,31	1,23	605	182	713
SKA010	Gæsá innri	100	1,30	0,39	1,60	1270	381	1569
SKA011	Mórauðavatn	37	0,56	0,17	0,71	203	61	258
SKA012	Syðriófæra	44	4,37	1,31	5,65	1878	563	2428
SKA013	Stangakvísl	72	1,01	0,30	1,26	712	214	882
SKA014	Gæsá innri	110	1,81	0,54	2,18	1960	588	2363
SKA015	Syðri-Ófæra	43	5,34	1,60	6,83	2257	677	2890
SKA016	Syðri-Ófæra	104	5,54	1,66	7,07	5645	1694	7205
SKA017	Gæsá innri	68	2,21	0,66	2,63	1469	441	1747
SKA018	Kýrgilsá	130	0,20	0,06	0,21	249	75	266
SKA019	Fossá	135	0,58	0,17	0,61	762	229	811
SKA020	Stangakvísl	99	6,05	1,81	7,64	5888	1766	7437
SKA021	Gæsá-syðri	92	0,20	0,06	0,21	176	53	187
SKA022	Kattarhryggsá	42	0,24	0,07	0,25	100	30	104
SKA023	Þorvaldsá	56	0,23	0,07	0,25	128	38	138
SKA024	Gæsá-syðri	69	3,50	1,05	4,00	2376	713	2719
SKA025	Syðri-Ófæra	58	6,36	1,91	7,98	3609	1083	4526
SKA026	Stangakvísl	37	7,51	2,25	8,58	2733	820	3124
SKA027	Tungufljót	83	0,38	0,12	0,39	312	94	315
SKA028	Tungufljót	34	6,31	1,89	6,96	2085	626	2301
SKA029	Miðá	88	9,30	2,79	10,00	8126	2438	8776


Númer	Vatnasvið	Virk fallhæð [m]	Innrennsli til virkjunar [m ³ /s]			Orkugeta virkjunar [kW]		
			VÍ	30%	RÁV2	VÍ	30%	RÁV2
SKA030	Hólmsá	56	0,22	0,07	0,22	122	37	121
SKA031	Tungufljót	60	5,18	1,55	5,77	3069	921	3421
SKA032	Tungufljót	60	10,30	3,08	11,00	6023	1807	6452
SKA033	Kálfá	41	0,56	0,17	0,54	222	67	214
SKA034	Tungufljót	44	10,40	3,13	11,20	4484	1345	4795
SKA035	Grjótá	36	5,21	1,56	5,13	1856	557	1830
SKA036	Kálfá	30	0,62	0,19	0,60	185	56	178
SKA037	Brunná	41	0,25	0,08	0,25	101	30	97
SKA038	Kálfá	34	0,71	0,21	0,69	238	71	229
SKA039	Hellisá	62	11,70	3,52	10,60	7151	2145	6454
SKA040	Dalsá	128	1,25	0,37	1,14	1566	470	1430
SKA041	Hellisá	63	11,30	3,39	10,20	6955	2087	6253
SKA042	Grjótá	73	4,90	1,47	4,81	3496	1049	3431
SKA043	Lambhagaá	125	0,82	0,25	0,73	1010	303	903
SKA044	Hellisá	17	0,77	0,23	0,71	125	38	115
SKA045	Dalsá	171	1,02	0,31	0,92	1708	512	1541
SKA046	Holtsá	63	0,73	0,22	0,61	447	134	377
SKA047	Fjaðrá	58	0,42	0,13	0,37	237	71	208
SKA048	Hellisá	39	9,60	2,88	8,56	3712	1114	3309
SKA049	Holtsá	71	1,61	0,48	1,37	1116	335	949
SKA050	Holtsá	51	2,95	0,88	2,48	1483	445	1248
SKA051	Fjaðrá	37	0,78	0,23	0,68	280	84	243
SKA052	Stjórn	49	0,45	0,14	0,38	218	65	184
SKA053	Drifandi	189	0,10	0,03	0,08	177	53	151
SKA054	Stjórn	48	0,85	0,26	0,72	405	122	341
SKA055	Innri-Geirlandsá	67	2,46	0,74	2,05	1628	488	1355
SKA056	Hrútá	44	0,26	0,08	0,21	113	34	90
SKA057	Fjaðrá	91	2,12	0,64	1,78	1900	570	1594
SKA058	Fremri-Geirlandsá	145	5,64	1,69	4,60	8005	2402	6532
SKA059	Fjaðrá	105	2,41	0,72	2,01	2481	744	2067
SKA060	Innri-Geirlandsá	15	2,13	0,64	1,78	319	96	266
SKA061	Selá	31	0,47	0,14	0,38	145	44	116
SKA062	Fremri-Geirlandsá	95	2,74	0,82	2,19	2556	767	2041
